

Sameinað sveitarfélag  
Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar



## FUNDARGERÐ NR. 5

Fundarstaður: Teams, Svörtuloft

Dagsetning : 08.10.2024 kl. 11:00

Verknumér 0.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

NAFN	SK	STAÐA / FYRIRTÆKI	PÓSTUR	
Geir Gestsson	GG	Sviðstjóri Vesturbyggð	TP sendur	geir@vesturbyggd.is
Magnús Árnason	MÁ	Verkefnastjóri Vesturbyggð	TP sendur	magnusar@vesturbyggd.is
Ágúst Vilberg Jóhannsson	ÁVJ	Verktaki	TP sendur	flakkarinnehf@outlook.com

Fundarefni:

### 1. Fundargerðir

Í fundargerð verður farið yfir stöðu verks.

Fundargerðir skal gefa út innan tveggja daga frá fundi og athugasemdir skulu gerðar innan tveggja daga þaðan í frá.

### 2. 0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Eftirlit verkkaupa er á vegum Vesturbyggðar. sjá 0.2.3

### 3. 0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.2 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 4.1.2 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglulega verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Gert er ráð fyrir verkfundum á tveggja vikna fresti, en oftast ef þurfa þykir. **Nánari tímasetning verkfunda verður ákveðin í upphafi verksins.** Verkfundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum aðilum. Fundargerðir skal senda fundarmönnum innan tveggja daga frá síðasta fundi og skulu fundargerðir verkfunda lagðar fram til kynningar fyrir bæjarráði sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Verkkaupi hefur sett inn liði 5. í verkfundargerð umfram þá liði sem notaðir voru í fyrstu fundargerð.

**Vakin er athygli á að búið er að uppfæra forsiðu fundargerða, búið er að samræma og leiðrétta línur í kössum varðandi nöfn og upplýsingar.**

Á fyrsta verkfundi verður m.a. rætt um:

- Tímasetningu verkfundanna og fyrirkomulag þeirra.

Lagt er til að verkfundir verði haldnir sem næst eftirfarandi dagsetningum.

Verkkaupi óskar eftir að fundir verði á miðviku eða fimmtudögum.

- 10.06.2024 Fyrsti fundur
- 27.06
- 22.07
- 29.08
- 26.09
- 08.10

### 0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupar setja eftirlitsmenn með verkinu sem sjá um reglubundið eftirlit með framkvæmd verks. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmenn. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um vinnu við verk þetta, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði verks, skal hann tafarlaust hafa samráð við eftirlitsmenn.

Ef um ósamræmi er að ræða í lýsingum eða gögnum skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmönnum það til úrskurðar.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

Settir eru, Geir Gestsson sviðstjóri framkvæmdasviðs og Magnús Árnason verkefnastjóri.

Liður 0 Útboðs og samningsskilmálar, framvinda og tímaáætlun skv. 0.1.7

Skv. Verktaka, er verkstaða búin ca. 30% af heild.

Óhöpp við vinnu verktaka, ef einhver eru, í samræmi við grein 0.7.5

Skrá skal óhöpp eða slys hér

Engin óhöpp

## 4. Önnur mál

Skrá skal hér önnur mál er verktaki og verkkaupi vilja setja í fundargerð.

Farið yfir byrjun verks ,og óskað eftir að verktaki leggi sem fyrst fram verkáætlun.

Verkkaupi ítrekar beiðni um verkáætlun.

Verktaki hefur skilað inn verkáætlun.

Verktakar óska eftir teikningum í stærð A-3

Verktakar hafa fengið gögn sem óskað hefur verið eftir

Verktökum kynnt áform um að heimila fjarskiptafyrirtækjum afnot af skurðum.

Verktakar óska eftir staðsetningu á efni fyrir vatnsveitu, ákveðið að heimila tímabundna staðsetningu á lóð milli Brunna 15-19 og Hlíðarveggar brunna 1.

Verktakar leggja til að byrjun verks verði að komast í hæðir á lögnum þar sem fráveita verður leidd af svæðinu sem í austari helming götunnar.

Umræða varðandi inntök í hús og nákvæma staðsetningu lagna. Verktaki mun vinna verkið miðað við óvissu í staðsetningu.

Verktakar benda á að ósamræmi er á milli útboðsgagna og þess sem er, vatnslagnir við húsnúmer 19,21,23 og 25 þar sem vatnslagnir virðast koma ofan við þau hús en ekki frá götu eins og verklýsing gerir ráð fyrir.

Málið skoðað áfram með ráðgjöfum og verktökum.

Verkið skoðað á verkstað og tekin ákvörðun í samræmi við samtöl.

Fyrir liggur að inntakslagnir vatns húsnúmer 21,23 og 25 munu ekki breytast þar sem plast inntök eru í þau hús.

Húsnúmer 19 er á gamalli vatnslög sem mun afleggjast, skilin verður eftir lúppa til að tengja seinna.

Húsnúmer 16 verður tengt á nýja vatnslögn í götu að ofan, en fráveita er að neðanverðu. Bílastæði við húsnúmer

16 verður tengt við regnvatnsfráveitu í götu. Húsnúmer 18 og 22 verða tengd við nýjar lagnir í götu, en

húsnúmer 20 verður sett á nýja fráveitu í götu, en húsið er tengt á nýja vatnslögn fyrir neðan hús.

AVS el

Verktakar benda á lagnir fráveitulagnir (steinlagnir) upp götuna frá húsnúmeri 12 eru það lélegar að ekki er talið réttlætunlegt að skilja þær lagnir eftir í framkvæmd. Málið skoðað af verkkaupa og kemur í framhaldi fram sem viðbótarverk fundargerð.

Verktaki óskar eftir leiðsögn varandi hæð á Brunahana við húsnúmer 19 lækka þarf vatnslögn, en núverandi staða á lögn tekur mið að klöpp á svæðinu. Verkið unnið áfram í samráði við verkstjóra Vesturbyggðar.

Ákveðin lega vatnslagnar hefur verið skoðuð og tekin ákvörðun um að lækka vatnslögn og brunahana, verkið skráist sem viðbótarverk.

Verktakar benda á að farið var með 200mm lögn upp í vegstæði við hús nr. 15 og tengdu við 280mm steinlögn sem virðist koma frá Hjöllum, Verktakar vinna það mál ekki meir. Verkkaupi mun skoða það verk áfram.

Verktaki bendir á að vatnshalli fráveitu fyrir yfirborðsvatn mun leiða af sér mjög djúpan skurð fyrir frávetu.

Verkkaupi samþykkir að dregið verði úr halla lagna fyrir yfirborðsvatn, þannig að halli verði sem nemur 1-1,5 cm. á meter.

Ræddir möguleikar á að OV. fái að nýta skurði til lagningar á stofnstrengjum í götu.

Breiðni liggur fyrir frá Bjarna í OV um að fá að tengjast framkvæmd.

Eftirfarandi var sent á bjarna vegna óskar

„Sæll Bjarni

*Ykkur er heimilt að nota skurði þá sem nú eru opnir og þá skurði sem opna þarf til viðbótar vegna framkvæmda við endurgerð Brunna Patreksfirði.*

*Fyrirvari er þó gerður við eftirfarandi atriði.*

- *Verkið skal unnið þannig að það valdi ekki töfum eða vandkvæðum hjá aðalverktaka.*
- *Samið verði sérstaklega við verktaka um kostnað við þá skurði sem ekki eru í núverandi tilboði og geta aukið kostnað við verkið. Búið er að loka götu að hluta og verður því að semja við verktaka um þá framkvæmd.*
- *Allur aukakostnaður sem hægt er að tengja við lagningar strengja í götu, verði greiddur af Orkubúi Vestfjarða*
- *Samráð verði haft við verktaka um framkvæmd.“*

Nokkra ábendingar hafa borist frá íbúum varðandi framkvæmd og að ekki sé nægjanlega kynnt hvernig staðið sé að verki. Vesturbyggð mun reyna að bæta úr því og skila betri kynningum til íbúa.

Verktaki hefur tekið samtal við þá íbúa sem leitað hafa til verktaka með fyrirspurnir og er samkomulag og upplýsingaflæði frá verktökum til íbúa með ágætum.

Verktaki mun á næstu vikum klára lagnavinnu í götu, þar sem lagnaefni sem beðið hefur verið eftir, hefur nú skilað sé á verkstað. Í beinu framhaldi verður sett burðalag í götu. Jöfnunarlag verður svo sett yfir framkvæmdasvæði í einu lagi og er líkleg dagsetning á framkvæmd jöfnunarlags í lok sept.

Skv. Verktaka á að vera hægt að halda lýsingu á þeirri lýsingu sem fyrir er í götu og verður kallað eftir viðbrögðum frá OV. varðandi þá vinnu sem þarf til að halda lýsingu á götustaurum.

**Erindi barst frá lóðarhafa Brunna 16. Lóðarhafi óskar eftir því að sérlega vel verði gengið frá regnvatnsfráveitu við bílastæði við lóðina, í ljósi þess hversu hvítleitt vatnsrennsli hefur verið inn á bílastæði og jafnvel inn í bílskúr við húsið. Verkkaupi óskar eftir því við verktaka að tekið verði tillit til ábendinga lóðarhafa og að staðsetning á götuniðurfalli taki mið af því að grípa sem allra mest af regnvatni ofan við bílastæði.**

#### 5. 0.5.3 Breytingar á verkinu (viðbótarverk) aukaverk.

Skrá skal lista yfir viðbótarverk og aukaverk sem unnin eru hér.

AVS      ll

- Viðbótarverk: Verkkaupi óskaði eftir við verktaka að vinna verkið, að fara með fráveitu frá Brunnum við brunn S3, niður lóðina á Brunnum 14 og tengja fráveitu í götu undir Bólum Verkið krafðist tilfærslu á brunn S3 um ca. 8 metra neðar í götuna framan við Brunna 12. (Viðbótarverk)
- Lækka vatnslögn við brunahana. (Viðbótarverk)
- Færa vatnslögn sem liggur niður á Bala úr vegstæði.
- Verkkaupi óskar eftir því við verktaka, að regnvatnsniðurfall og fráveita frá niðurföllum, verði tekin niður með Brunnum 4 og leitt þaðan í flóðarennu. Í ljós hefur komið í framkvæmdinni, að bæði er meira um klöpp í framkvæmdasvæði ásamt því að ef farið verði eins djúpt eins og til stóð, eru líkur á að neðri götukantur muni gefa sig í framkvæmdasvæði, því er að mati verkkaupa best að koma fráveitu neðar í landið og veita því þar í flóðarennu. (Verkið er skráð sem viðbótarverk að hluta en á móti kemur verkhluti í götu sem fellur út) sjá skýringarmynd að neðan.



Verktaki óskar eftir að fá leiðbenandi upplýsingar um frágang á jöfnunarlagi fyrir veturinn. Verkkaupi óskar eftir að yfirborð verði heflað og sett í réttan hæðarkóta.

Verkkaupi óskar eftir að verktaki taki að sér verkhluta að setja niður ljósastaura við götuna. Verktaki samþykkir þá viðbót.

Viðbótarverk er skilgreint í grein 1.2.19 í ÍST 30:2012. Allar breytingar sem verkkaupi gerir á verkinu eftir að verksamningur er kominn á, teljast því vera viðbótarverk.

Þó svo viðbótarverk valdi að jafnaði hækkun á kostnaði verks, geta þau einnig valdið lækkun á greiðslum til verktaka, til dæmis ef verkkaupi tekur ákvörðun um að minnka umfang verks eða breyta verki til kostnaðarlækkunar með því að draga úr kröfum til fyrir skrifaðs efnis eða útfærslu.

Aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30:2012. Aukaverk koma til vegna skorts á upplýsingum, ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum og öfugt við viðbótarverkin geta aukaverk einungis valdi kostnaðarauka í verkinu.

Komi til viðbótarverka eða aukaverka skal fylgja ákvæðum ÍST 30:2012, greinar 3.6.

0.5.5 Greiðslur, magntölur og reiknisskil.

Um greiðslur og reiknisskil vísast almennt til greinar 5.1 í ÍST 30:2012

AVS ll

Reikninga vegna verksins skal stíla á:  
Vesturbyggð, kt. 510694-2369  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður  
V/Brunnar gatnagerð og lagnir.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinagerð um verkið.  
Verktaki mun senda verkstöðu í viku nr. 41

0.5.8 Magnbreytingar sjá nánar í verklýsingu.

Verktaki skal tilkynna eftirliti verkkaupa um magnbreytingar sem verða í einstökum verkþáttum jafnskjótt og hann verður aukningar var.

6. Dreifing fundargerðar og viðhengi  
Til fundarmanna, verktaka og verkkaupa.

7. Næsti verkfundur

**Næsti verkfundur áætlaður (sem jafnframt verður úttekt á verki) 29.10.2024 kl. 11:00**

Fundarritari: Geir Gestsson

Fundi slitið kl. 12:00

Fh. Verkkaupa

Fh. Verktaka

Geir Gestsson

Ágúst Vilberg Jóhannsson



